



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Rangárþing ytra  
Haraldur birgir Haraldsson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 18. mars 2019  
MÍ201903-0047/ 6.09 / K.M.

## Efni: Vesturhlíð úr landi Haga í Rangárþingi ytra. Deiliskipulags- og matslýsing.

Kristinn Magnússon  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra frá 26. feb. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um lýsingu að deiliskipulagi fyrir Vesturhlíð. Vesturhlíð var upphaflega í landi Haga.

Innan deiliskipulagssvæðisins er fyrirhuguð uppbygging fjölbreyttrar gistiaðstöðu, s.s. gistihúsa og tjaldsvæðis. Gert er ráð fyrir aðkomuvegum og bílastæðum innan svæðisins. Þá er ráðgert að byggja upp lögbýli innan svæðisins. Í skipulagslýsingunni kemur fram að í fyrirhuguðu deiliskipulagi verður gerð grein fyrir aðkomuvegi, lóðamörkum, byggingarreitum og fráveitu.

Í kafla 1.2 í deiliskipulagslýsingunni er fjallað um fornleifar. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar verið skráðar á skipulagssvæðinu. Árið 2014 kom úr skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi ytra. Áfangaskýrsla III*. Í skýrslunni er m.a. gerð grein fyrir skráðum fornleifum á jörðinni Högum. Innan skipulagssvæðisins eru eftirtaldar fornleifar: Tóft/beitarhús (RA-387:014), tóftir/beitarhús/rétt (RA-387:022 A,B og C), tóftir/sel (RA-387:024 A og B) og forn slóði. Staðsetning fornleifanna ásamt útlínum lóða er sýnd á mynd 1.9 í skipulagslýsingunni. Í texta lýsingarinnar segir að öllum fornleifunum verði haldið utan við lóðarmörk og muni því verða óhreyfðar.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við deiliskipulags- og matslýsingu vegna Vesturhlíðar í Rangárþingi ytra frá 4. feb. s.l. Stofnunin minnir á að þegar tillaga að deiliskipulagi liggur fyrir þarf Minjastofnun að fá hana til umsagnar. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarmínjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.: *Fornleifum, sbr. 3. mgr.*

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulags- og byggingarfulltrúi ([birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is))